

Lótus sútran

Kenningar Shakyamuni, sem var sögulegur upphafsmaður búddisma, eru skráðar í fjölmörg rit sem þekkt eru undir nafninu sútrur. Það er mikill munur á því á hvaða hátt heimspeki búddismans er sett fram í hverri sútru fyrir sig. Þetta er hægt að skýra á marga vegu. Sem dæmi má nefna að Shakyamuni deildi kenningum sínum með sínu samtímafólki á ferðum sínum um allt Indland í yfir 50 ár. Í stað þess að kynna sína heimspeki á kerfisbundinn hátt, þá tóku kenningar hans aðallega á sig form samræðu. Hann hitti fólk með mjög ólíkan bakgrunn, allt frá ráðherrum til hins almenna borgara og reyndi að svara spurningum þeirra og bregðast við efasemdum. Fyrst og fremst leitaðist hann við að svara grundvallarspurningum mannglegrar tilvistar: Hvers vegna fæðumst við í þennan heim og verðum að takast á við óhjákvæmlegar þjáningar af völdum veikinda, elli og dauða?

Sútrunum var safnað saman á árunum eftir dauða Shakyamuni. Það er talið að Lótus sútran hafi verið tekin saman á fyrstu og annarri öld. Á sanskrít er hún þekkt sem *Saddharmapundarika*-sútran (bein þýðing, „hin sanna dharma hvíta lótus sútra“). Líkt og margar aðrar Mahayana sútrur þá barst Lótus sútran eftir hinni svokölluðu „norðlægu leið“ til Mið-Asíu, Kína, Kóreu og Japan. Hún kom upphaflega til Kína á þriðju öld, þar sem talið er að hún hafi verið þýdd á mismunandi form kínverskrar tungu. Þrjár fullgerðar útgáfur hafa varðveist. Fimmtu aldar þýðing Kumarajiva á Lótus sútrunni (frá árunum 344-413) er talin einstök. Skýr heimspeki og bókmenntaleg fegurð hennar eru talin hafa spilað stóran þátt í þeirri virðingu sem þessu sútra hefur hlotið um gjörvalla Austur-Asíu.

Titill Lótus sútrunnar, *Mjóhó-renge-kjó*, í þýðingu Kumarajiva, inniheldur kjarnann í allri sútrunni, og á grundvelli þessarar uppgötvunar setti Nichiren (1222-1282) fram kyrjun á Nam-mjóhó-renge-kjó sem undirstöðu ástundunar búddismans.

Lótus sútran er talin vera sú sútra sem útskýrir tilgang tilvistar Shakyamuni hér á jörð og er tjáð í þessum orðum hans: „Í upphafi hét ég því að gera allar mannverur jafnar mér, að á milli okkar ríkti engin aðgreining.“ Með öðrum orðum, tilgangurinn með jarðvist Shakyamuni var að gera öllum mannverum kleift að ná sama ástandi fullkominnar uppljómunar sem varð til þess að hann varð þekktur sem „Búdda“ eða „sá uppljómaði.“

Lótus sútran inniheldur margar hugmyndir sem voru mjög byltingarkenndar á þeim tíma sem hún var kynnt, bæði innan búddískra kenninga og einnig innan þess félagslega ramma sem þá ríkti. Margar þessara hugmynda eru ekki tjáðar með berum orðum, en eru gefnar í skyn eða útskýrðar með dæmisögum, myndmáli og þeim mikilfenglegu atburðum sem skýrt er frá í textanum. Hæfileiki margra af seinni fylgismönnum sútrunnar, líkt og T'ien-t'ai (538-597), liggur í að draga fram þessar grundvallar hugmyndir sútrunnar.

Grundvallarhugmynd sútrunnar er sú að allar mannverur hafi að geyma, jafnt og án nokkurrar undantekningar, „búddaeðli.“ Þessi skilaboð Lótus sútrunnar eru til að vekja trú fólks á þeirra eigið búddaeðli þ.e.a.s. þeirra innri visku, hugrekki og samkennd. Í sútrunni er þessi möguleiki allra til að öðlast

uppljómun útskýrður með dæmum af fólki sem hefðin hafði áður neitað um hana, líkt og konum og afbrotamönnum.

Í mörgum sútrunum er sagt að sumir nemendur Shakyamuni hafi „sviðið frá þeirra eigin uppljómunar“ vegna mennta- og gáfnahroka og sjálfmiðaðrar ástundunar. Dýpt kenninga Shakyamuni í Lótus sútrunni vekur hins vegar í þessum nemendum anda auðmýktar og samkenndar. Í leit þeirra að uppljómun átta þeir sig á því að allar mannverur eru tengdar órjúfanlegum böndum, þannig að ef við þráum hamingju fyrir okkur sjálf þá er mikilvægt að við vinnum einnig að hamingju annarra.

Í þessari sútru lýsir Shakyamuni einnig yfir að hann hafi náð uppljómun í hinni óendanlegu fortíð, ekki í núverandi tilvist eins og fylgismenn hans höfðu talið. Þannig sýnir hann með eigin lífi að einstaklingur þarf ekki að breytast í eitthvað eða verða eitthvað annað en hann er, til að öðlast uppljómun. Uppljómun þýðir að birta okkar meðfædda, „náttúrulega“ ástand sem þegar er til staðar í lífi okkar.

Í skrifum Daisaku Ikeda kemur fram að Lótus sútran sé fyrst og fremst kenning til að efla mátt og framkvæmdarvilja einstaklingsins. Hún kennir okkur að innri ákvörðun einstaklings getur breytt hverju sem er, hún sýnir fram á óendanlegu möguleika manneskjunnar og þá reisu sem er að finna í lífi allra einstaklinga.

[SGI Quarterly, júlí hefti 2002]